

Reykjavík 17. febrúar 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun. Pskj. 376-310 mál.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Að mati Barnaheilla eru mörg álitamál tengd staðgöngumæðrun og telja samtökin því mikilvægt að málið verði vandlega skoðað út frá siðferðilegu, læknisfræðilegu og lagalegu sjónarhorni. Samtökin telja því óraunhæft að skipa starfshóp sem skila eigi frumvarpi eigi síðar en 31. mars n.k. Slíkur flýtir í jafn mikilvægu máli og um ræðir getur ekki verið neinum til hagsbóta.

Að mati Barnaheilla er þörf á meiri umræðu um staðgöngumæðrun hér á landi þar sem tekið er á lagalegum og siðfræðilegum álitamálum. Samtökin telja mikilvægt að samfélagsleg sátt ríki um málið áður en lagt sé fram frumvarp sem leyfi staðgöngumæðrun. Barnaheill munu því bíða með frekari efnislega umsögn um mál þetta.

Barnaheill telja mikilvægt, áður en hafin er vinna við frumvarp sem heimili staðgöngumæðrun, að könnuð sé frekar framkvæmd þessara mála erlendis og tekið mið af þeirri reynslu, m.a. þar sem staðgöngumæðrun er leyfileg. Þetta hefur að hluta til verið gert í vinnuhópi heilbrigðisráðuneytisins (2009) en að mati samtakanna er þörf á almennari umfjöllun um málið á víðari vettvangi.

Barnaheill eru sammála því sem kemur fram í þingsályktuninni að siðferðileg álitamál eru mörg. Samtökin taka enn fremur undir þau sjónarmið sem fram koma í skýrslu vinnuhóps heilbrigðisráðuneytisins um að staðgöngumæðrun getur haft í för með sér að farið verði að líta á barn sem söluvöru. Það sama getur einnig gerst varðandi staðgöngumóður og þannig getur skapast möguleiki á að kúga konur til að selja aðgang að líkama sínum á nýjan og enn alvarlegri máta en áður hefur þekkt.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á sérhvert barna meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríki tryggja að það megi lifa og þroskast. Það er fjarri lagi að öll börn

heimsins fái þann rétt uppfylltan. Fjöldi barna býr við sára neyð, ungbarnadauði er enn mikill í mörgum löndum heims og fjöldi barna er munaðarlaus.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægara út frá hagsmunum barna að leggja áherslu á það að tryggja öllum börnum réttinn til lífs og þroska og leggja því til að frekari vinna verði lögð í það að auðvelda íslenskum barnlausum hjónum að ættleiða börn.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla - Save the Children, á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri